

Reglur um verkaskiptingu milli félagsmálanefndar Árborgar og starfsmanna Fjölskyldumiðstöðvar Árborgar

1. gr.

Félagsmálanefnd Árborgar fer með störf barnaverndarnefndar í Sveitarfélaginu Árborg og með störf barnaverndarnefnda í Hraungerðishreppi, Villingaholtshreppi og Gaulverjabæjarhreppi samkvæmt heimild í 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sbr. erindisbréf félagsmálanefndar Árborgar sem samþykkt var í bæjarstjórn Árborgar 9. júní 1999 og samning milli Sveitarfélagsins Árborgar og ofantalinna hreppa frá 30. desember 2003.

2. gr.

Með reglum þessum felur félagsmálanefnd Árborgar sérhæfðum starfsmönnum á sviði félagslegrar ráðgjafar hjá Fjölskyldumiðstöð Árborgar að fara með könnun og meðferð einstakra barnaverndarmála eins og nánar greinir í reglum þessum.

Sérfræðingum á sviði félagslegrar ráðgjafar, sem barnaverndarmál heyra undir, er heimilt að vinna að einstökum barnaverndarmálum með öðrum fastráðnum sérhæfðum starfsmönnum Fjölskyldumiðstöðvarinnar en ákvörðunarvald, samkvæmt reglum þessum, er í höndum sérfræðinga á sviði félagslegrar ráðgjafar.

3. gr.

Starfsmönnum félagslegrar ráðgjafar er heimilt, í umboði félagsmálanefndar, að:

- taka á móti tilkynningum í barnaverndarmálum, skv. IV. kafla barnaverndarlaga, og láta mál vegna tilkynninga falla niður.

- taka ákvörðun um að hefja könnun máls, skv. 21. gr. barnaverndarlaga, og óska eftir lögreglurannsókn, leiki grunur á að alvarlegt refsivert brot hafi verið framið gagnvart barni skv. 20. gr. rgj. nr. 56/2004.

- taka ákvörðun um að fella niður mál að lokinni könnun.

- gera áætlanir og beita úrræðum í samvinnu við aðila máls, skv. 23., 24. og 25. gr. barnaverndarlaga.

- framkvæma neyðarráðstafanir, skv. 1. mgr. 31. gr. barnaverndarlaga.

Starfsmenn skulu leggja afgreiðslu mála, samkvæmt a-d lið, fyrir félagsmálanefnd til kynningar. Um mál samkvæmt e lið fer skv. 2. mgr. 31. gr. barnaverndarlaga.

Starfsmönnum eru heimil eftirfarandi stuðningsúrræði:

- ráðgjöf og viðtöl

- tilsjón með heimili

- persónulegur ráðgjafi barns

- stuðningsfjölskyldur

- sumardvöl og fóstur með samþykki foreldra

- aðstoð vegna vímuefnameðferðar.

Sé stuðningur í barnaverndarmáli í formi fjárhagsaðstoðar, s.s. styrkur vegna kostnaðar við skólasókn barna eða leikskóla, þátttöku barns í félags- og tómstundastarfi eða vegna faglegrar aðstoðar annarra en starfsmanna Fjölskyldumiðstöðvar, er starfsmönnum heimilt að veita slíkan stuðning samkvæmt reglum sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

4. gr.

Félagsmálanefnd Árborgar fer með vald til að:

- a. taka ákvörðun um einhliða áætlun um framvindu máls og beitingu úrræða, skv. 4. mgr. 23. gr. barnaverndarlaga.
- b. kveða upp úrskurði samkvæmt barnaverndarlögum.
- c. taka ákvarðanir um málshöfðun, skv. 28. og 29. gr. barnaverndarlaga.
- d. setja fram kröfu um sjálfræðissviptingu, skv. 30. gr. barnaverndarlaga.
- e. endurskoða ráðstafanir, skv. 34. gr. barnaverndarlaga.
- f. taka ákvarðanir um að krefjast brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns, skv. 37. gr. barnaverndarlaga.

Málin skulu unnin af sérfræðingum á sviði félagslegrar ráðgjafar og lögð fyrir félagsmálanefnd með skriflegri greinargerð að undangenginni tilkynningu til aðila máls.

Ákvarðanir eða úrskurði félagsmálanefndar skal sérfræðingur kynna aðilum máls með sannanlegum hætti og án ástæðulausrar tafar og leiðbeina um kæruleiðir og kærufresti.

5. gr.

Sérfræðingar á sviði félagslegrar ráðgjafar hjá Fjölskyldumiðstöð Árborgar skulu, sé þess óskað af dómara, dómsmálaráðuneyti eða sýslumanni, veita umsagnir í forsjár- eða umgengnismálum skv. barnalögum. Starfsmenn skulu kanna aðstæður barns og foreldra eftir atvikum í samvinnu við aðra barnaverndarnefnd. Skulu starfsmenn leita sátta með aðilum eftir því sem best hentar hag og þörfum barns.

Að lokinni könnun máls skal starfsmaður gera skriflega greinargerð þar sem fram komi hvernig staðið var að framkvæmd könnunar, álit og tillögur starfsmanns. Skal aðila máls gefinn kostur á að koma að athugasemdum við greinargerðina og skulu athugasemdir skráðar og sendar ásamt greinargerðinni til viðkomandi embættis.

Með sama hætti skulu starfsmenn veita umsagnir vegna umsókna um ættleiðingu skv. ættleiðingalögum, fjalla um umsóknir um að gerast stuðningsfjölskylda, fósturforeldrar og til að reka sumardvalarheimili, skv. 85. og 86. gr. barnaverndarlaga.

6. gr.

Sérfræðingar á sviði félagslegrar ráðgjafar skulu árlega vinna skýrslu um starfsemina, skv. 1. mgr. 8. gr. barnaverndarlaga. Þá skulu starfsmenn leggja ársfjórðungslega fyrir félagsmálanefnd skýrslu um fjölda barnaverndarmála og stöðu þeirra.

7. gr.

Starfsmönnum og félagsmálanefnd ber í barnaverndarstarfi að beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að séu barni fyrir bestu í samræmi við meginreglur barnaverndarstarfs, skv. 4. gr. barnaverndarlaga.

Um málsmeðferð sérfræðinga og félagsmálanefndar í barnaverndarmálum gilda ákvæði barnaverndarlaga, sérstaklega VIII. kafli, ákvæði stjórnsýslulaga með þeim frávikum sem greinir í barnaverndarlögum og reglugerð um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefndum nr. 56/2004.

8. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 3. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga, sbr. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefndum.

Reglur þessar voru samþykktar í félagsmálanefnd Árborgar 26. júlí 2004 og í bæjarráði Sveltarfélagsins Árborgar 15. ágúst 2004. Samþykkt hreppsnefnda Hraungerðishrepps, Villingaholtshrepps og Gaulverjabæjarhrepps liggur fyrir.